

**Athugasemdir þjóðréttarfræðings við drög að tillögum Stjórnlagaráðs  
um kafla um mannréttindi í stjórnarskrá.**

**31. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum.**

1. Lagt er til að 2. mgr. verði felld brott.

Skýring: Ekki verður séð að þörf sé á umræddu ákvæði. Tilteknir alþjóðlegir mannréttindasamningar eru lögfestir hér á landi samhliða fullgildingu þeirra. Innlendum lögum er breytt og efni þeirra aðlagð öðrum mannréttindasamningum sem fullgiltir eru. Í báðum tilvikum er tryggt að viðkomandi samningar eru innleiddir í íslenskan rétt. Það samræmist best ríkjandi framkvæmd kenninga um tengsl þjóðaréttar og landsréttar hér á landi og horfir til einföldunar á íslensku réttarkerfi að kveða ekki á um forgang tiltekinna samninga gagnvart almennum lögum, heldur halda ríkjandi fyrirkomulagi.

4. júlí 2011,  
THH